

Ed.

432. Nefndarálit

í málinu: Frumvarp til fjárukalaga fyrir árin 1908—1909.

Nefndin leggur til að gjöra nokkrar breytingar á frumvarpi þessu, miða þær einkum til að lækka gjöldin. Nefndinni eða að minsta kosti meiri hluta hennar virðist full ástæða til þessara lækkana, þegar litið er á gjaldaauka þann, sem frumvarp þetta hefir í för með sér, í sambandi við hinn áætlaða tekjuhalla í fjárlagafrumvarpi neðri deildar. Samkvæmt þessu frumvarpi og fjárlagafrumvarpinu verður tekjuhallinn við lok næsta fjárhagstímabilsins um 530 þúsund krónur. Til þess að draga að nokkrum mun úr þessari voða-upphæð, sér nefndin ekki önnur ráð en að fresta sem frekast má verða, þjóðinni að stórbagalaus, ýmsum þeim fyrirtækjum, sem ráðgjörð eru, bæði í þessu frumvarpi og á næsta fjárhagstímabili, er mikinn kostnað hafa í för með sér, þótt þau í sjálfu sér séu nauðsynjaverk. Frekari grein fyrir þessari stefnu sinni mun nefndin gera í fjárlaganefndaráliti sínu og vikur því að frumvarpi því, sem hér liggur fyrir.

Við 3. gr. B. II. Neðri deild hefir tekið í frumvarpið 11,500 krónur til að fullgera Fagradalsbrautina; er upphæð þessi samkvæmt tillögum landsverkfræðingsins. Nefndin getur eftir atvikum fallist á þennan viðauka en tekur það jafnframt skýrt fram, að hún ætlast til að landsstjórnin láti ekki dragast úr hömlu að afhenda braut þessa héruðunum til viðhalds jafnskjótt og lög heimila (haustið 1911).

Sama er að segja um næsta lið, þar sem 15,000 kr. eru ætlaðar til umbóta á nokkrum flutningabrautum, sem eru Holtavegur, Eyrarbakka-braut, Eyja-fjarðarbraut, Borgarfjarðarbraut að Skarðslæk og brautin frá Ingólfsfjalli að Þjórsá. Nefndin ætlast til að allar þessar brautir verði afhentar er umbótum þeim er lokið, sem hér eru ráðgerðar.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar það til, að því sé frestað að þessu sinni að byggja brú á Ytri-Rangá. Telur hann ekki svo bráða nauðsyn á þessari vegabót, að ekki megi dragast og það einnig um næsta fjárhagstímabil. Áin er að öllum jafnaði ekki stórkostlegur farartálmi og þeir menn, sem aðallega hafa brúarinnar not, eru ekki meira en 1200—1500 að tölu.

Við B. III. Þessar 4000 kr. til vegagjörðar við Lagarfjót leggur nefndin til að fella. Vegarspotti þessi er hvorki flutningabraut né þjóðvegur og að því leyti landsjóði óviðkomandi, enda ekki brýn nauðsyn á vegabót þessari.

Brú á Gríshólsá kostar eftir áliti verkfræðingsins 2000 krónur.

Nefndin telur að dragast megi að brúa hin svokölluðu Síki í Helgafellsveit; liðurinn má því lækka um 1000 krónur.

Við 3. gr. E. 6. Þennan lið vill nefndin fella, telur lítil líkindi til að þessi leið verði nokkurn tíma fjölfarin stórskipaleið.

Við 4. gr. A. b. Nefndin leggur til að þessi liður sé feldur. Fyrir fáum árum fór fram aðalviðgerð á kirkjum þessum, voru þá málaður utan og innan, að því er nefndinni er tjáð, og járnvarðar. Lítilfjörlegar aðgerðir telur nefndin mega gjöra með tekjum þeirra.

Við 4. gr. B. III. Nefndinni þykir ástæða til að verða við þeirri ósk forstöðumanns lagaskólans að auka styrk til bókakaupa við skólann að nokkrum mun; hér vantar nær því allar bækur í þeim sérfræðigreinum, sem kendar eru við skólann; telur nefndin fjárveitingarvaldinu það skylt, að gera þessa sem aðrar skólastofnanir

alls landsins svo úr garði, að þær samsvari sem best tilgangi sínum. Tillaga nefndarinnar er því, að 800 krónur séu veittar í þessu skyni.

Við 6. gr. Efri deild hefir samþykkt að þessu sinni þingsályktunartillögu, sem fer fram á að stjórnin skipi 2 matsmenn á útflutningssíld á næsta sumri. Er þetta gjört eftir óskum síldarútvegsmanna á Eyjafirði. Mönnum þessum verður að ætla sómasamlega þóknun fyrir þennan starfa, sem að mestu leyti fellur á mesta annatíma ársins, auk þess verður að vera sem mest trygging fyrir því, að mennirnir séu þessum starfa vel vaxnir og hafi þekkingu á hvað til þess útheimtist að síld verði talin góð vara í útlöndum. Nefndin telur 600 króna þóknun fyrir hvern þessara manna sómasamlega borgun, en vill jafnframt að 800 kr. utanfararstyrkur sé ætlaður þeim báðum til þess að kynna sér verkun á síld.

Samkvæmt tillögum nefndarinnar verður lækkun á gjöldum frumvarpsins	kr.	57,400
en hækkun	—	2,800
Gjöldin því lækkað um	kr.	54,600

Breytingartillögur nefndarinnar eru sem hér segir:

1. Við 3. gr. A. 4. Fyrir: »pósthúskjallaranum«, komi: »pósthúsinu«.
2. Við 3. gr. B. II. Liðurinn »Til brúargerðar á Ytri-Rangá kr. 42,000,00« ásamt innanstrikstölunum falli burtu.
3. Við 3. gr. B. III. »Lagarfljótsbrúarvegur kr. 4,000,00« falli burt.
4. Við 3. gr. B. III. Orðin »og svo kölluðu Síki í Helgafellssveit« falli burtu og í stað »3,000,00« komi »2,000,00«.
5. Við 3. gr. C. 2. e. Aftan við liðinn komi svo látandi athugasemd: »Að því tilskildu, að báturinn fari eftir samkomulagi við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu að minsta kosti 3 ferðir til Víkur og Vestmanneyja«.
9. Við 3. gr. D. II. 6. Í stað: »Til Bolungarvíkur . . . 6,000,00« komi:
»Til talsímalagningar frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur
kr. 8,000,00
Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum — 2,000,00 6,000,00«.
7. Við 3. gr. E. 6. Liðurinn falli burtu.
8. Við 4. gr. A. b. Liðurinn falli burtu.
9. Við 4. gr. B. III. Á undan »b. 6.« komi nýr liður svo hljóðandi, sem verður b. 4.:
»Til bókakaupa 800,00«.
10. Við 6. gr. Á eftir liðnum: »Til iðnaðarmannafélagsins o. s. frv.« komi nýr liður sem verða 21 a og 21 b svo hljóðandi:
»Þóknun til tveggja matsmanna á síld, öðrum á Siglufirði, hinum á Akureyri, 600 kr. til hvors, kr. 1,200,00«.
»Utanfararstyrkur til sömu manna, til þess að kynna sér verkun á síld 800,00«.

Alþingi 8. apríl 1609.

Eiríkur Briem,
formaður.

Sigurður Stefánsson,
skrifari og framsögum.

Steingrímur Jónsson.

Gunnar Ólafsson.

Sigurður Hjörleifsson